

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á NORÐURLANDI VESTRA

**24. ársþing SSNV,
haldið á Sauðárkróki, 21. október 2016.**

FUNDARGERÐ



**Ingibergur Guðmundsson
Davíð Jóhannsson**



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Dagskrá.....	3
Þingsetning, kjör þingforseta.....	4
Nefndir þingsins og fundarboðendur þeirra	4
Skýrsla stjórnar SSNV, ársreikningur og fjárhagsáætlun.....	4
Skýrsla stjórnar SSNV	4
Ársreikningur 2015	4
Fjárhagsáætlun SSNV 2017	4
Fyrirspurnir og umræður um starfsskýrslu og ársreikning	4
Fulltrúatal	5
Tillögur og ályktanir lagðar fram	5
Ávörp gesta	6
Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga	6
Einar Kristinn Guðfinnsson, alþingismaður Norðvesturkjördæmis og forseti Alþingis... ..	6
Gunnar Bragi Sveinsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og alþingismaður Norðvesturkjördæmis	6
Guðjón Brjánnson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vesturlands og frambjóðandi Samfylkingar í Norðvesturkjördæmi.....	6
Haraldur Benediktsson, alþingismaður Norðvesturkjördæmis	6
Fyrirspurnir og umræður	6
Atvinnuþróun og byggðamál.....	7
„Stóriðja á Austurlandi og lýðfræðileg þróun á rekstartíma“ – Hjalti Jóhannesson, Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri	7
„Verkefni Nýsköpunarmiðstöðvar, atvinnuþróun og nýsköpun“ – Berglind Hallgrímsdóttir, Nýsköpunarmiðstöð Íslands.	7
Fyrirspurnir og umræður	7
Afgreiðsla nefndarálita, ársreikninga og fjárhagsáætlunar.	7
Fjárhagsnefnd	7
Allsherjarnefnd.....	8
Stjórnskipulagsnefnd	8
Kosningar	8
Formaður stjórnar SSNV - til tveggja ára:	8
Fjórir fulltrúar í aðalstjórn SSNV - til tveggja ára:	8
Fimm fulltrúar í varastjórn SSNV - til tveggja ára:	9
Endurskoðandi SSNV - til tveggja ára:	9
Endurskoðunarnefnd SSNV - til tveggja ára:.....	9
Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra – til tveggja ára.....	9
Fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar Uppbyggingarsjóðs – til tveggja ára	9
Fagráð menningar Uppbyggingarsjóðs – til tveggja ára	9
Þingslit.....	9
VIÐAUKI 1 - Samþykktir og þingsköp SSNV	11
VIÐAUKI 2 – Menningarstefna sveitarfélaga á Norðurlandi vestra	21
VIÐAUKI 3 – Ályktanir 24. ársþings SSNV 2016.....	25
VIÐAUKI 4 – Fjárhagsáætlun SSNV 2017	30



Dagskrá

08:45 Þingsetning:

Kosning þingforseta, varaforseta, tveggja ritara og tveggja vararitara (Þ4).

Kynning á nefndum þingsins:

Kjörnefnd (S4.3/Þ6), Allsherjarnefnd (Þ7), Fjárhagsnefnd (Þ7) og Stjórnskipulagsnefnd (Þ7).

Skýrsla stjórnar SSNV fyrir árið 2015.

Ársreikningar 2015 (S5.2) Fjárhagsáætlun 2017 (S5.2):

Umræður um skýrslur og reikninga.

09:45 Morgunkaffi

10:00 Tillögur lagðar fram – Nefndastörf

12:00 Hádegisverður

13:00 Ávörp gesta:

Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Gunnar Bragi Sveinsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og fyrsti þingmaður Norðvesturkjördæmis.

Fyrirspurnir og umræður

14:00 Atvinnuþróun og byggðamál

Framsögumenn:

Hjalti Jóhannesson, Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri: „Stóriðja á Austurlandi og lýðfræðileg þróun á rekstartíma.“

Berglind Hallgrímsdóttir, Nýsköpunarmiðstöð Íslands: Kynning á Nýsköpunarmiðstöð

Fyrirspurnir og umræður

15:15 Kaffi

15:45 Afgreiðsla nefndarálita, ársreikninga og fjárhagsáætlunar

17:15 Kosningar (S2.5, S4.2, Þ6)

- ❖ kosning formanns stjórnar SSNV
- ❖ kosning fjögurra manna í aðalstjórn
- ❖ kosning fimm manna í varastjórn
- ❖ kosning endurskoðanda
- ❖ kosning í fastanefndir
 - a. Endurskoðunarnefnd
 - b. Úthlutunarnefnd og fagráð Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra

17:45 Þinglok

18:00 Óvissuferð

20:00 Hátíðarkvöldverður á Hótel Mælifelli



Pingsetning, kjör þingforseta

Adolf H. Berndsen, formaður stjórnar SSNV, setti þingið og bauð þingfulltrúa og aðra gesti velkomna. Tilnefndi hann Gunnstein Björnsson sem 1. þingforseta og Ástu Björgu Pálmadóttur sem 2. þingforseta. Þá lagði hann til að þingritarar væru Davíð Jóhannsson og Ingibergur Guðmundsson og varaþingritarar Magnús Bjarni Baldursson og Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, starfsmenn SSNV.

Tillagan var samþykkt og tók þingforseti við stjórn þingsins.

Nefndir þingsins og fundarboðendur þeirra

Þingforseti kynnti nefndir þingsins og lagði til að eftirfarandi aðilar kölluðu nefndirnar saman: Fjárhagsnefnd: Unnur Valborg Hilmarsdóttir, Húnaþingi vestra, kallar nefndina saman. Stjórnskipulagsnefnd: Magnús B. Jónsson, Sveitarfélaginu Skagaströnd, kallar nefndina saman. Allsherjarnefnd: Sigríður Svavarsdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði, kallar nefndina saman. Kjörnefnd: Þórdís Friðbjörnsdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði, kallar nefndina saman.

Tillagan var samþykkt.

Skýrsla stjórnar SSNV, ársreikningur og fjárhagsáætlun

Skýrsla stjórnar SSNV

Adolf H. Berndsen, formaður stjórnar SSNV, flutti skýrslu SSNV fyrir árið 2015. Hann vísaði til greinargerðar í rafrænni ársskýrslu SSNV en dró fram nokkur áhersluatriði í máli sínu. Ávarp Adolfs er að finna á heimasíðu SSNV. Að lokum þakkaði Adolf samstarfsfólki sínu í stjórn fyrir gott samstarf og starfsfólki SSNV fyrir störf sín.

Ársreikningur 2015

Björn Líndal Traustason, framkvæmdastjóri SSNV, fór yfir ársreikning SSNV fyrir árið 2015:

Ársreikningur SSNV: Rekstrartekjur voru tæpar 178 m.kr., rekstrargjöld 181 m.kr. og fjármunatekjur 4,2 m.kr. Hagnaður varð því á rekstri að upphæð 1,1 m.kr. Eigið fé í árslok nam rúmum 142 m.kr.

Ársreikningurinn er aðgengilegur á heimasíðu SSNV.

Fjárhagsáætlun SSNV 2017

Björn Líndal Traustason, framkvæmdastjóri SSNV, mælti fyrir tillögu að fjárhagsáætlun SSNV fyrir árið 2017.

Fyrirspurnir og umræður um starfsskýrslu og ársreikning.

Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingforseti vísaði að svo búnu ársreikningi 2015 og fjárhagsáætlun 2017 til fjárhagsnefndar.

Kaffihlé



Fulltrúatal

Pórdís Friðbjörnsdóttir, formaður kjörnefndar, fór yfir fulltrúatal þingsins. Rétt til fundarsetu með atkvæðisrétti eiga 29 fulltrúar og af þeim eru 27 mættir. Mættir fulltrúar eru:

Nafn	Sveitarfélag	Aðal/vara
Agnar H. Gunnarsson	Akrahreppur	aðal
Þorkell Gíslason	Akrahreppur	aðal
Valgarður Hilmarsson	Blönduósþbær	aðal
Hörður Ríkharðsson	Blönduósþbær	aðal
Guðmundur H. Jakobsson	Blönduósþbær	vara
Oddný María Gunnarsdóttir	Blönduósþbær	aðal
Þorleifur Ingvarsson	Húnavatnshreppur	aðal
Jóhanna Magnúsdóttir	Húnavatnshreppur	aðal
Þóra Sverrisdóttir	Húnavatnshreppur	aðal
Elín R. Líndal	Húnaþing vestra	aðal
Valdimar Gunnlaugsson	Húnaþing vestra	vara
Unnur Valborg Hilmarsdóttir	Húnaþing vestra	aðal
Sigurbjörg Jóhannesdóttir	Húnaþing vestra	aðal
Vignir Sveinsson	Skagabyggð	aðal
Magnús Björnsson	Skagabyggð	vara
Stefán Vagn Stefánsson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Sigríður Magnúsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Viggó Jónsson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Sigríður Svavarsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Gunnsteinn Björnsson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Þórdís Friðbjörnsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Margeir Friðriksson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Ásta Björg Pálmadóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Adolf H. Berndsen	Sv.fél. Skagaströnd	aðal
Inga Rós Sævarsdóttir	Sv.fél. Skagaströnd	aðal
Halldór G. Ólafsson	Sv.fél. Skagaströnd	aðal

Tillögur og ályktanir lagðar fram

Fyrir þinginu lágu eftirfarandi tillögur sem sendar höfðu verið send út með fundarboði og vísaði þingforseti þeim til viðkomandi nefnda:

1. *Tillögur að breytingum á samþykktum og þingsköpum SSNV*
2. *Tillögur að ályktunum 24. ársþings SSNV*
3. *Tillaga um þóknun stjórnar og nefnda*
4. *Tillaga að menningarstefnu SSNV*

Ekki bárust aðrar tillögur og hófust því nefndastörf kl. 10.15.

Kl. 12:00 var gert hádegishlé en fundarstörf hófust aftur kl. 13:15.



Ávörp gesta

Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga

Karl Björnsson fór yfir helstu þætti í starfsemi sambandsins, samskipti við ríkisvaldið, launþegasamtökin o.fl. Hann studdist við glærur í ávarpi sínu og eru þær aðgengilegar á heimasíðu SSNV.

Einar Kristinn Guðfinnsson, alþingismaður Norðvesturkjördæmis og forseti Alþingis.

Einar Kristinn Guðfinnsson ræddi samstarf þingmanna og sveitarstjórnarmanna sem væri mun meira en menn gerðu sér almennt grein fyrir. Samstarfið væri gott og þrátt fyrir innbyrðis ágreining er stóra myndin sú sama að allir eru vinna að hagsmunum kjördæmisins.

Þá ræddi hann um bætt samskipti ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga, fjárhagsáætlanir ríkisins til lengri tíma, fjarskiptamál og vegamál.

Þar sem Einar Kristinn er að hætta sem alþingismaður Norðvesturkjördæmis þá ítrekaði hann þakklæti sitt fyrir gott samstarf við sveitarstjórnarmenn og vináttu. Hann kvaðst hætta sáttur og óskaði þingfulltrúum góðs gengis í sínum málefnum.

Gunnar Bragi Sveinsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og alþingismaður Norðvesturkjördæmis

Þingforseti bar þingheimi góðar kveðjur Gunnars Braga en þar sem boðað var með stuttum fyrirvara til ríkisráðsfundar átti hann ekki heimangengt á þingið.

Guðjón Brjánsón, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vesturlands og frambjóðandi Samfylkingar í Norðvesturkjördæmi

Guðjón þakkaði fyrir að fá tækifæri til að ávarpa þingið. Hann ræddi vöxt og viðgang samfélagsins og hagsmunamál þeirra. Að lokum óskaði hann sveitarstjórnarmönnum heilla í sínum störfum.

Haraldur Benediktsson, alþingismaður Norðvesturkjördæmis

Haraldur þakkaði fyrir fundarboðið og að fá tækifæri til að ávarpa þingið. Samstarfsverkefni með sveitarfélögunum væru fjölmörg og þá standa þingmenn yfirleitt saman. Hann ræddi lagningu ljósleiðara og fjárframlög til þeirra, framlög til vegamála og þróunarverkefni á því sviði. Hann þakkaði samstarfið þau þrjú ár sem hann hefur verið þingmaður kjördæmisins og kvaðst hlakka til áframhaldandi vinnu fyrir kjördæmið.

Fyrirspurnir og umræður

Til máls tóku: Bjarni Jónsson, Ásta Björg Pálmadóttir og Adolf H. Berndsen og svöruðu gestir þeim fyrirspurnum sem til þeirra var beint.



Atvinnuþróun og byggðamál

„Stóriðja á Austurlandi og lýðfræðileg þróun á rekstrartíma“ – Hjalti Jóhannesson, Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri

Hjalti þakkaði fyrir boð um að kynna þingið niðurstöður sinna rannsókna. Hann studdist við glærur í ávarpi sínu og eru þær aðgengilegar á heimasíðu SSNV.

„Verkefni Nýsköpunarmiðstöðvar, atvinnuþróun og nýsköpun“ – Berglind Hallgrímsdóttir, Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Berglind lýsti yfir ánægju með að fá að kynna starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar. Hún studdist við glærur í erindi sínu og eru þær aðgengilegar á heimasíðu SSNV.

Fyrirspurnir og umræður

Enginn kvaddi sér hljóðs og því var komið að kaffihléi.

Afgreiðsla nefndarálita, ársreikninga og fjárhagsáætlunar.

Fjárhagsnefnd

Unnur Valborg Hilmarsdóttir gerði grein fyrir tillögum Fjárhagsnefndar.

- a) 24. ársþing SSNV, haldið á Sauðárkróki 21. október 2016, samþykkir ársreikninga SSNV fyrir árið 2015.
- b) 24. ársþing SSNV, haldið á Sauðárkróki 21. október 2016, samþykkir fjárhagsáætlun SSNV fyrir árið 2017.
Sjá Viðauka 4.
- c) 24. ársþing SSNV, haldið á Sauðárkróki 21. október 2016, samþykkir eftirfarandi tillögu um þóknunir stjórnar og nefnda fyrir árið 2017.

„Laun og þóknun til stjórnar og nefnda SSNV

- a) Laun formanns verði 6% af þingfararkaupi, nú 45.776 kr. á mánuði
- b) Laun annarra stjórnarmanna verði 4% af þingfararkaupi, nú 30.518 kr. á mánuði
- c) Laun fyrir stjórnarfundi og aðra fundi stjórnar og nefnda verði 2,5% af þingfararkaupi, nú 19.074 kr.
- d) Laun formanna nefnda verði 4% af þingfararkaupi fyrir hvern fund í viðkomandi nefnd, nú 30.518 kr.
- e) Hálf fæði verði greitt fyrir hvern fund stjórnar, samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins, nú 5.600 kr.
- f) Akstur verði greiddur samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins um akstursgjald.
- g) Annar ferðakostnaður vegna ferða á vegum SSNV verði greiddur samkvæmt reikningi.“

Tillögurnar voru samþykktar samhljóða.



Allsherjarnefnd

Sigríður Svavarsdóttir gerði grein fyrir tillögum Allsherjarnefndar:

- a) *24. ársþing SSNV, haldið á Sauðárkróki 21. október 2016, samþykkir eftirfarandi ályktanir sem allar miða að eflingu byggða og bættum búsetuskilyrðum á Norðurlandi vestra.*
Sjá Viðauka 3.

Til máls tóku: Elín R. Líndal, Hörður Ríkharðsson og Stefán Vagn Stefánsson

Ályktun um Iðnaðaruppbyggingu var borin upp sér og samþykkt samhljóða. Því næst var tillagan í heild sinni borin upp og samþykkt samhljóða.

- b) *24. ársþing SSNV, haldið á Sauðárkróki 21. október 2016, samþykkir meðfylgjandi menningarstefnu sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra.*
Sjá Viðauka 2.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Stjórnskipulagsnefnd

Magnús B. Jónsson gerði grein fyrir tillögum Stjórnskipulagsnefndar.

- a) *24. ársþing SSNV, haldið á Sauðárkróki 21. október 2016, samþykkir Samþykkir og þingsköp SSNV með áorðnum breytingum.*
Sjá Viðauka 1.
- b) *24. ársþing SSNV, haldið á Sauðárkróki 21. október 2016, beinir því til stjórnar SSNV að fundargögn verði aðgengileg kjörnum fulltrúum og framkvæmdastjórum sveitarfélaga á starfssvæði samtakanna.*

Til máls tóku: Stefán Vagn Stefánsson, Elín R. Líndal og Adolf H. Berndsen.

Báðar tillögurnar voru síðan bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

Kosningar

Formaður kjörnefndar, Þórdís Friðbjörnsdóttir, gerði grein fyrir tillögum kjörnefndar um skipan í eftirtalin embætti:

Formaður stjórnar SSNV - til tveggja ára:

Stefán Vagn Stefánsson, Sveitarfélagið Skagafjörður

Fjórir fulltrúar í aðalstjórn SSNV - til tveggja ára:

Adolf H. Berndsen, Sveitarfélagið Skagaströnd

Sigríður Svavarsdóttir, Sveitarfélagið Skagafjörður

Valgarður Hilmarsson, Blönduós

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, Húnaþing vestra



Fimm fulltrúar í varastjórn SSNV - til tveggja ára:

*Bjarki Tryggvason, Sveitarfélagið Skagafjörður
Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Skagabyggð
Elín Jóna Rósinberg, Húnaþing vestra
Gunnsteinn Björnsson, Sveitarfélagið Skagafjörður
Porleifur Ingvarsson, Húnavatnshreppur*

Endurskoðandi SSNV - til tveggja ára:

Kristján Jónasson, KPMG

Endurskoðunarnefnd SSNV - til tveggja ára:

*Margeir Friðriksson, Sveitarfélagið Skagafjörður, formaður
Arnar Þór Sævarsson, Blönduós
Guðrún Ragnarsdóttir, Húnaþing vestra*

Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra – til tveggja ára

*Lárus Ægir Guðmundsson, Sveitarfélagið Skagaströnd, formaður
Ingileif Oddsdóttir, Sveitarfélagið Skagafjörður
Viggó Jónsson, Sveitarfélagið Skagafjörður*

Auk þess sitja formenn fagráða atvinnuþróunar og nýsköpunar og menningar í nefndinni.

Fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar Uppbyggingarsjóðs – til tveggja ára

*Leó Örn Porleifsson, Húnaþing vestra, formaður
Elín Aradóttir, Húnavatnshreppur
Guðmundur Haukur Jakobsson, Blönduós
Gunnsteinn Björnsson, Sveitarfélagið Skagafjörður
Hólfríður Sveinsdóttir, Sveitarfélagið Skagafjörður*

Fagráð menningar Uppbyggingarsjóðs – til tveggja ára

*Jóhanna Magnúsdóttir, Húnavatnshreppur, formaður
Guðbrandur Ægir Ásbjörnsson, Sveitarfélagið Skagafjörður
Guðmundur Haukur Sigurðsson, Húnaþing vestra
Magnús B. Jónsson, Sveitarfélagið Skagaströnd
Sigríður Svavarsdóttir, Sveitarfélagið Skagafjörður*

Ekki bárust aðrar tillögur og voru því ofangreindir aðilar sjálfkjörnir.

Þingslit

Ásta Pálmadóttir, sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar, bauð til óvissuferðar að þingi loknu.

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, Húnaþingi vestra, þakkaði fyrir ánægjulegt þing og bauð til næsta ársþings að vori í Húnaþingi vestra.

Björn Líndal Traustason, framkvæmdastjóri SSNV, þakkaði þingfulltrúum og starfsmönnum SSNV fyrir starfssamt þing. Þá færði hann stjórn og stjórnarformanni SSNV þakkir fyrir samstarfið og sagðist hlakka til að starfa með nýjum formanni og stjórn.



Gunnsteinn Björnsson, þingforseti, þakkaði fyrir gott og starfssamt þing. Því næst gaf hann nýkjörnum formanni SSNV orðið.

Stefán Vagn Stefánsson þakkaði traustið og einnig Adolf H. Berndsen fráfarað formanni fyrir sín störf. Þá færði hann starfsmönnum SSNV þakkir fyrir undirbúning þingsins, þingfulltrúum fyrir góð störf, óskaði þeim góðrar heimferðar og sagði þinginu slitið.

Fundargerðina rituðu
Ingibergur Guðmundsson og Davíð Jóhannsson,
starfsmenn SSNV.

VIÐAUKI 1. Samþykktir og þingsköp SSNV

VIÐAUKI 2. Menningarstefna sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

VIÐAUKI 3. Ályktanir sem allar miða að eflingu byggða og bættum búsetuskilyrðum á Norðurlandi vestra.

VIÐAUKI 4. Fjárhagsáætlun SSNV 2017



VIÐAUKI 1 - Samþykktir og þingsköp SSNV

SAMÞYKKTIR OG ÞINGSKÖP



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á NORÐURLANDI VESTRA

MARKMIÐ OG HLUTVERK

1.1

Samtökin nefnast Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, skammstafað SSNV. Starfssvæði samtakanna afmarkast af sveitarfélagamörkum allra sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, allt frá Almenningsnöf í austri að Stikuhálsi milli Bitru og Hrótafjarðar í vestri. Heimili og varnarþing samtakanna er á skrifstofu SSNV á Hvammstanga.

Öll sveitarfélög á Norðurlandi vestra eru aðilar að SSNV. Verði breyting á sveitarfélagamörkum og nöfnum sveitarfélaga með sameiningu sveitarfélaga halda hin sameinuðu sveitarfélög aðild að SSNV án sérstaks uppgjors eða meðhöndlunar sem um úrsögn væri að ræða. Um úrsögn gildir gr. 7.1 þessara samþykka. Óski sveitarfélag /sveitarfélög utan starfssvæðis eftir inngöngu er það ekki heimilt nema með samþykki allra aðildarsveitarfélaga SSNV.

1.2

SSNV eru landshlutasamtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og starfa með tilvísun til 97. greinar sveitarstjórnлага nr. 138/2011.

Samtökin eru hagsmuna-, þjónustu- og samstarfsvettvangur sveitarfélaganna. Málaflokkar sem SSNV fæst við varða m.a. byggðapróun, atvinnumál, menntamál, samgöngumál, menningarmál og kynningu Norðurlands vestra. Heimilt er að stofna og starfrækja ráð og nefndir til að sinna afmörkuðum verkefnum og hafa samvinnu um vinnu við tiltekna málaflokka á grundvelli samninga.

Markmið samtakanna eru;

- a) að efla samvinnu sveitarfélaga og auka þekkingu sveitarstjórnarmanna á verkefnum sveitarstjórna,
- b) að vinna að hverjum þeim verkefnum sem aðildarsveitarfélög eða löggjafinn kunna að fela þeim,
- c) að styrkja stöðu aðildarsveitarfélaganna á landsvísu,
- d) að stuðla að eflingu atvinnulífs á Norðurlandi vestra.

SSNV skal starfa í samvinnu við önnur landshlutasamtök sveitarfélaga, Samband íslenskra sveitarfélaga og aðra aðila eftir því sem hagsmunir bjóða hverju sinni og við verður komið.

Stjórn SSNV getur með samþykki aðildarsveitarfélaga stofnað til byggðasamlags eða annars rekstrar með öðrum landshlutasamtökum um verkefni sem ná út fyrir starfssvæði samtakanna.

UM ÁRSPING OG HAUSTÞING SSNV

2.1

Árþing SSNV fer með æðsta vald í málefnum samtakanna. Þingið skal haldið að vori, fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Árþing hverju sinni ákveður næsta þingstað og skulu þing haldin sem víðast á starfssvæðinu.

Stjórn SSNV skal halda haustþing um hagsmunamál sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra í októbermánuði ár hvert. Stjórn SSNV er heimilt að bjóða til haustþingsins aðilum sem tengjast umfjöllun og starfi sambandsins, með málfrelsi og tillögurétt. Haustþingið getur ályktað um þau mál sem borin eru þar upp og ræður afl atkvæða niðurstöðu máls.

Á haustþingi skal leggja fram fjárhagsáætlun, þ.m.t. ákvörðun um árgjöld, og starfsáætlun samtakanna fyrir komandi ár.

Kosning formanns, stjórnar, varastjórnar, endurskoðanda og fastanefnda fer eftir ákvæðum í gr. 2.5.



2.2

Aukaping skal boða ef þörf krefur að mati stjórnar eða ef a.m.k. tvö aðildarsveitarfélög óska þess. Aukaping skal boðað skriflega með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara og skal fundarefni tilgreint. Aukaping skal haldið innan tveggja mánaða frá því beiðni um það barst.

2.3

Stjórn SSNV boðar til ársþings og haustþings með a.m.k. fjögurra vikna fyrirvara og sendir sveitarfélögum og þingfulltrúum skriflega tilkynningu með ákvörðun um þingtíma og þingstað.

2.4

Stjórn SSNV semur dagskrá árs- og haustþinga. Dagskrá ársþings skal send þingfulltrúum eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársþing, ásamt ársreikningi, tillögum að ályktunum og öðrum erindum sem stjórnin leggur fyrir þingið. Dagskrá haustþings skal send þingfulltrúum eigi síðar en tveimur vikum fyrir haustþing, ásamt tillögum að fjárhagsáætlun komandi reikningsárs, tillögum að ályktunum og öðrum erindum sem stjórnin leggur fyrir þingið.

2.5

Á ársþingi skuli tekin fyrir þessi mál;

- skýrsla stjórnar og starfsmanna um starfsemi rekstrareininga sem SSNV ber ábyrgð á,
- afgreiðsla ársreikninga ásamt skýrslu endurskoðanda um þær rekstrareiningar sem SSNV ber ábyrgð á,
- laun og þóknun til stjórnar og nefnda,
- ákvörðun um fundarstað næsta ársþings,
- önnur löglega fram borin mál.

Á fyrsta haustþingi eftir sveitarstjórnarkosningar og á ársþingi á miðju kjörtímabili skal auk þess fara fram;

- kosning formanns
- kosning fjögurra manna í aðalstjórn
- kosning fimm manna í varastjórn
- kosning endurskoðanda
- kosning í fastanefndir
 - Endurskoðunarnefnd sem annast undirbúning og eftirlit með reikningsskilum skv. starfsreglum sem ársþing setur.
 - Úthlutunarnefnd og fagráð Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra sem hafa það hlutverk að leggja mat á og úthluta styrkjum úr sjóðnum skv. starfsreglum sem ársþing setur.

Að öðru leyti er heimilt að haga þingstörfum á þann veg að þjóni tilgangi þingsins og dagskrárefni sem best, t.d. með því að hafa hluta þingsins í formi vinnufundar, kjósa sérstakar starfsnefndir utan hinna föstu starfsnefnda þingsins, o.s.frv.

2.6

Ársþing og haustþing eru lögmæt ef löglega er til þeirra boðað og 2/3 kjörinna þingfulltrúa eru mættir.

2.7

Nánar skal kveðið á um starfshætti ársþingsins í þingsköpum þess. Þingsköp ársþings skulu gilda um haustþing eftir því sem við á.



UM KOSNINGAR TIL ÞINGA SSNV

3.1

Á ársþingi SSNV, haustþingi og aukapíngum eiga sæti fulltrúar sveitarfélaganna, sem hér segir: Einn fulltrúi fyrir hvert sveitarfélag á starfssvæðinu, auk eins fulltrúa fyrir hverja byrjaða 400 íbúa í sveitarfélaginu. Miða skal við íbúafjölda sveitarfélags þann 1. janúar á því ári sem þing er haldið.

3.2

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skulu sveitarstjórnir kjósa fulltrúa á þing SSNV. Kjörgengir eru aðal- og varamenn í sveitarstjórnnum og framkvæmdastjórar sveitarfélaga. Um kosningu fulltrúa fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga og skulu sveitarstjórnir leitast við að hafa sem jafnastan fjölda karla og kvenna, sbr. 15. grein laga nr. 10/2008.

Framkvæmdastjórar sveitarfélaga eiga seturétt á þingum SSNV með málfrelsi og tillögurétt.

3.3

Sveitarstjórnir skulu tilkynna stjórn SSNV nöfn kjörinna þingfulltrúa, aðal- og varamanna, fyrir 1. mars ár hvert vegna ársþings og 1. september ár hvert vegna haustþings.

3.4

Komi í ljós að hvorki aðalfulltrúi né varafulltrúi geta setið þing, er sveitarstjórn heimilt að tilnefna annan fulltrúa til setu á viðkomandi þingi, með sömu réttindum og kjörnir fulltrúar.

3.5

Alþingismenn úr Norðvesturkjördæmi hafa rétt til setu á þingum með heimild til að ávarpa þingið.

3.6

Þing SSNV eru opin til áheyrnar kjörnum aðal- og varafulltrúum í sveitarstjórnnum, starfsmönnum sveitarfélaga, starfsmönnum SSNV og tengdra verkefna á Norðurlandi vestra.

Stjórn samtakanna er heimilt að bjóða til þings hverju sinni aðilum sem tengjast umfjöllun og starfi samtakanna, með málfrelsi og tillögurétti.

UM KOSNINGAR Á ÞINGUM SSNV

4.1

Stjórn SSNV skal skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara. Skal hún kosin samkvæmt gr. 2.5. Formaður skal kosinn sérstaklega á sama þingi. Stjórn skiptir með sér verkum að öðru leyti. Formaður getur ekki setið lengur en 4 ár samfleytt.

Kjörgengir til stjórnarkjörs eru þeir sem eru kjörgengir til setu á þingum SSNV. Sá sem kjörinn hefur verið aðalmaður í stjórn þrjú kjörtímabil í röð, þ.e. sex ár, er ekki kjörgengur til stjórnar næstu tvö ár.

Miða skal við að stjórn sé skipuð tveimur fulltrúum úr Skagafirði, tveimur fulltrúum úr A-Hún. og einum fulltrúa úr Húnaþingi vestra. Varastjórn sé skipuð af starfssvæðinu með sama hætti. Kjörtímabil formanns er tvö ár.

Framboð til stjórnar skulu hafa borist kjörnefnd 10 dögum fyrir ársþing/haustþing.



4.2

Árþing/haustþing SSNV kýs, skv. lið 2.5, endurskoðanda, þrjá fulltrúa í endurskoðunarnefnd, þrjá fulltrúa í úthlutunarnefnd, fimm fulltrúa í hvort fagråd Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra og svo í aðrar nefndir sem þing kann að ákveða.

4.3

Stjórn SSNV kýs fimm manna kjörnefnd eigi síðar en 1. mars ár hvert, sem jafnframt er kjörbréfanefnd árþings/haustþings.

Fyrir fyrsta haustþing eftir sveitarstjórnakosningar skal kjörnefnd skipuð, eigi síðar en 15. ágúst. Skal kjörnefndin vinna að undirbúningi árþings/haustþings og starfa á þeim í samræmi við starfsreglur um hana og samþykktir SSNV.

4.4

Ef aðalmaður eða varamaður í stjórn eða nefnd fellur frá eða flytur burt úr landshlutanum á kjörtíma sínum, skal á næsta árþingi kjósa í hans stað fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtímanum.

UM STJÓRN SSNV OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

5.1

Stjórn SSNV er, ásamt framkvæmdastjóra, málsvari samtakanna milli árþinga. Engu meiriháttar máli má ráða til lykta án atbeina hennar, nema afgreiðsla þess styðjist við samþykktir þings SSNV.

5.2

Stjórn SSNV fer með yfirstjórn á rekstri samtakanna og heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Stjórnin undirbýr mál fyrir þing og leggur m.a. fram endurskoðaða reikninga samtakanna og gerir tillögu um fjárhagsáætlun næsta reikningsárs. Reikningsár samtakanna er almanaksárið.

5.3

Stjórn ræður framkvæmdastjóra og gerir við hann skriflegan ráðningarsamning. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk í samráði við stjórn.

5.4

Framkvæmdastjóri er yfirmaður annars starfslíðs samtakanna. Hann skal sjá um að stjórnsýsla samtakanna samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum stjórnar eða árþings.

Framkvæmdastjóri skal sitja fundi stjórnar. Þar hefur hann málfrelsi, tillögurétt og rétt til bókana en ekki atkvæðisrétt. Hann hefur jafnframt rétt til setu á fundum nefnda og ráða sem starfa á vegum samtakanna nema sérstakar aðstæður hamli því.

Framkvæmdastjóri leggur tillögu að fjárhagsáætlunum fyrir stjórn innan þeirra tímamarka sem sett eru um afgreiðslu þeirra og undirbýr framlagningu fjárhagsáætlunar fyrir haustþing.

Framkvæmdastjóri skal sjá um að fundir stjórnar og nefnda á vegum samtakanna séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Hann sér einnig um að ákvarðanir þær sem teknar eru af hálfu stjórnar og annarra nefnda komist til framkvæmda, hafi stjórn ekki falið það öðrum.

Framkvæmdastjóri er prókúruhafi samtakanna. Honum er heimilt að veita öðrum starfsmanni samtakanna prókúru að fengnu samþykki stjórnar. Prókúruhafar skulu vera fjár síns ráðandi.

Framkvæmdastjóri undirritar skjöl varðandi allar fjárhagslegar skuldbindingar, lántökur og ábyrgðir eða ráðstafanir sem samþykki stjórnar þarf til.

Í fjarveru framkvæmdastjóra er formaður stjórnar staðgengill hans nema stjórn hafi gert aðrar ráðstafanir.



5.5

Framkvæmdastjóri skal að jafnaði boða stjórnarfundum í samráði við formann og stilla upp dagskrá stjórnarfunda. Hann boðar einnig til fundum í nefndum á vegum samtakanna nema það sé sérstaklega falið öðrum. Telji formaður stjórnar eða nefndar að óeðlilegur dráttur sé á fundarboðun getur hann hlutast til um fundarboðun.

UM ÁRGJÖLD OG KOSTNAÐ

6.1

Haustþing ákveður heildarfjárhæð árgjalda sveitarfélaga við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir hvert fjárhagsár. Árgjaldafjárhæð skal skipt á milli sveitarfélaga eftir íbúafjölda miðað við 1. janúar þess árs sem þing er haldið.

6.2

Stjórn ákveður gjalddaga árgjalda og getur lagt fram tillögu um þá samhliða tillögu um fjárhagsáætlun. Dráttarvextir skulu greiddir af vangoldnum árgjöldum frá gjalddaga.

6.3

Kostnaður við stjórn samtakanna, þing, fundarhöld, ferðalög stjórnar og annar sameiginlegur kostnaður greiðist úr sameiginlegum sjóði. Hver sveitarstjórn greiðir ferðakostnað eigin fulltrúa á þing SSNV.

UM ÚRSÖGN OG SLIT

7.1

Kjósi sveitarfélag að hætta þátttöku í SSNV skal viðkomandi sveitarstjórn tilkynna það til stjórnar samtakanna fyrir árslok og verður úrsögnin virk við upphaf reikningsárs að tveimur árum liðnum. Samhliða getur sveitarfélag krafist innlausnar á nettó eignarhlut sínum í samtökunum núvirkisreiknuðum í samræmi við ákvæði samnings skv. 94. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef ósætti rís um úrgöngu sveitarfélags gildir 95. gr. sveitarstjórnarlaga um meðferð málsins.

Hið sama gildir vilji sveitarfélag hætta þátttöku í einstökum samstarfsverkefnum, nema reglur eða samningar um þau kveði á um annað.

7.2

Samtökin verða ekki lögð niður nema löglega boðað ársþing og aukþing samþykki það með 2/3 hlutum atkvæða. Þingin skulu haldin með a.m.k. tveggja mánaða millibili. Tillaga að félagsslitum skal fylgja fundarboði. Áður en seinna þingið er haldið skal afstaða aðildarsveitarfélaga til félagsslitanna liggja fyrir. Til þess að slit á samtökunum nái fram að ganga þurfa 2/3 hlutar sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga að staðfesta þau. Að öðru leyti fer um slit á samtökunum skv. ákvæðum 95. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

UM BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM OG GILDISTÖKU

8.1

Tillögur til breytinga á samþykktum skulu sendar stjórn samtakanna a.m.k. þremur vikum fyrir ársþing. Tillögur til breytinga skulu fylgja dagskrá boðaðs ársþings, sbr. grein 2.4.



8.2

Breyting á samþykktum telst samþykkt ef 2/3 mættra þingfulltrúa samþykkja hana á lögmætum þingfundi.

8.3

Samþykktum þessum var breytt á ársþingi SSNV þann 21. október 2016 og eru svo breyttar frá þeim degi.

VIÐAUKAR:

1. Starfsreglur endurskoðunarnefndar SSNV
2. Starfsreglur kjörnefndar SSNV
3. Starfsreglur úthlutunarnefndar og fagráða Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra



ÞINGSKÖP FYRIR ÞING SSNV

1. gr.

Árþing SSNV er aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Haustþing er almennur samstarfsvettvangur sveitarfélaganna innan SSNV.

2. gr.

Um rétt til setu á þingunum fer eftir samþykktum SSNV.

3. gr.

Þingin skulu haldin samkvæmt samþykktum samtakanna að vori, fyrir lok apríl ár hvert og að hausti, sbr. grein 2.1. í samþykktum SSNV. Þá er fundarfært er a.m.k. 2/3 þingfulltrúa er mættur. Stjórn semur dagskrá þeirra, heimilt er þingforseta að víkja frá dagskrá.

4. gr.

Formaður samtakanna eða annar í umboði hans setur þing. Hann skal gangast fyrir kjöri þingforseta og varaforseta, tveggja ritara og jafn margra til vara.

5. gr.

Þingforseti stjórnar fundi og sér um að þingstörf fari fram eftir góðri reglu. Sýni fulltrúi ókurteisi, hefur forseti leyfi til að taka af honum orðið og víta framkomu hans. Þingfulltrúum er skylt að hlíta úrskurði forseta, þó má skjóta úrskurði hans til þingsins, ef vafi leikur á skilningi á ákvæðum þingskapa.

6. gr.

Kjörnefnd kannar rétt þingfulltrúa til setu á þinginu og leggur fram skrá um réttkjörna þingfulltrúa til staðfestingar á þinginu.

Kjörnefnd annast framkvæmd kosninga á árþingi/haustþingi. Hún leggur fram tillögur um kjör til stjórnar, í fastanefndir og til annarra starfa, sem samþykktir samtakanna mæla fyrir um og þingið felur henni.

Á árþingi/haustþingi, sbr. gr. 2.7 í samþykktum, leggur kjörnefnd fram tillögu um skipan stjórnar SSNV. Hún skal byggja tillögur sínar á þeim framboðum og tilnefningum sem hafa borist en jafnframt þeirri reglu að stjórn skuli skipuð tveimur fulltrúum úr Skagafirði, tveimur fulltrúum úr A-Hún. og einum fulltrúa úr Húnaþingi vestra. Komi ekki fram aðrar tillögur en frá kjörnefnd er stjórn sjálfkjörin.

Komi fram beiðni á árþingi/haustþingi um skriflega kosningu skal orðið við því. Í kjöri við skriflega kosningu eru þeir sem kjörnefnd gerði tillögu um og aðrir sem buðu sig fram eða tilnefndir voru innan þeirra tímamarka sem sett eru um framboð (10 dögum fyrir þing). Þingfulltrúar skulu þá skrifa eitt nafn á kjörseðil við kosningu formanns og fjögur nöfn við kosningu annarra stjórnarmanna. Kjörseðill er ógildur ef fleiri nöfn eru árituð en ekki ef færri nöfn koma fram. Kjörseðill er sömuleiðis ógildur ef fleiri nöfn eru frá hverju svæði en kosið er um.

Við talningu atkvæða skulu þeir tveir úr Skagafirði sem fengu flest atkvæði hljóta stjórnarsæti en einn ef formaður hefur verið kjörinn úr hópi fulltrúa þaðan. Sama gildir um þá sem flest atkvæði hlutu úr A-Hún. Í Húnaþingi vestra hlýtur sá stjórnarsæti sem flest atkvæði fær enda hafi formaður ekki þegar verið kjörinn úr hópi þeirra fulltrúa.

Sama regla gildir um kjör varamanna komi til skriflegrar kosningar um þá.



7. gr.

Á þinginu skal kjósa í fastar þingnefndir:

- a) Fjárhagsnefnd, sem fjallar um ársreikning, fjárhagsáætlanir og annað sem varðar fjármál samtakanna.
- b) Stjórnskipulagsnefnd, sem fjallar um samþykktir, þingsköp, starfsreglur og annað sem varðar stjórnskipulag samtakanna.
- c) Allsherjarnefnd, sem fjallar um ályktanir ársþings og þau mál sem varða markmið og almenn verkefni samtakanna.

Auk þessara nefnda getur þingið ákveðið að setja nefndir um sérstök mál eða málaflokka til starfa á þinginu eða milli þinga.

Heimilt er að haga svo kjöri í þingnefndir að fulltrúar velji sjálfir þá nefnd sem þeir vilja starfa í. Enginn þingfulltrúi má sitja nema í einni þingnefnd.

8. gr.

Fulltrúar skulu tilkynna forseta skriflega þau mál er þeir óska að komi til umræðu. Máli skal vísað til nefndar eftir eðli þess. Rísi ágreiningur um til hveðrar nefndar máli skuli vísað sker þingfundur úr.

9. gr.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Séu atkvæði jöfn er mál fallið, en um kosningar ræður hlutkesti. Afgreiðsla máls telst ekki ályktun þingsins nema meira en fjórðungur kjörinna fulltrúa greiði því atkvæði.

10. gr.

Þegar forseti vill taka þátt í umræðu vikur hann sæti en varaforseti gegnir þá forsetastörfum.

11. gr.

Fulltrúar skulu taka til máls úr ræðustóli. Þó getur forseti leyft stuttar fyrirspurnir frá fulltrúa úr sæti sínu. Fulltrúar skulu beina máli sínu til forseta. Forseti skal sjá um, að fulltrúar taki til máls í rétttri röð eftir því sem þeir hafa beðið um orðið. Þó getur hann vikið frá þeirri reglu við framsögumenn, formann samtakanna og framkvæmdastjóra, eða til að fulltrúi geti gert stutta athugasemd eða leiðréttingu. Enginn fulltrúi má í ræðu sinni lesa prentað mál, nema með leyfi forseta.

12. gr.

Enginn fulltrúi má taka oftari til máls en tvisvar sinnum við sömu umræðu í hverju máli en þó skulu flutningsmenn mála, framsögumenn meirihluta og minnihluta nefnda svo og formaður samtakanna og framkvæmdastjóri, hafa rétt til að taka oftari til máls. Forseta er heimilt að takmarka ræðutíma, ef ástæða þykir til.

13. gr.

Forseta er skylt að bera undir atkvæði hvort umræðu skuli hætt, ef fimm fulltrúar eða fleiri æskja þess skriflega.

14. gr.

Tillögur til breytinga á þingsköpum skulu sendar stjórn samtakanna a.m.k. þremur vikum fyrir ársþing. Tillögur til breytinga skulu fylgja dagskrá boðaðs ársþings, sbr. grein 2.4.

Komi fram breytingartillaga á ársþingi við útsendar tillögur til breytinga á samþykktum og/eða þingsköpum skal þingforseti úrskurða hvort umrædd tillaga sé viðaukatillaga við fyrirliggjandi aðaltillögu, breytingartillaga eða ný tillaga.

Viðaukatillaga telst sjálfstæð viðbót við aðaltillöguna og skal bera hana upp á eftir aðaltillögu.



Áskilnaður um 2/3 hluta gildir um viðaukatillöguna enda leiðir hún til breytinga á samþykktum eða þingsköpum.

Breytingartillaga er borin upp á undan aðaltillögu og gildir þar almennt að afl atkvæða ráði niðurstöðu. Breytingartillagan telst ekki sjálfstæð þar sem það er aðaltillagan svo breytt sem leiðir til breytinga á samþykktum eða þingsköpum.

Komi fram ný tillaga um breytingu á samþykktum eða þingsköpum þarf þingforseti að leita afbrigða til þess að hún komist á dagskrá. Tillögur um afbrigða þurfi samþykkti 2/3 hluta mættra þingfulltrúa til þess að ná fram að ganga.

15. gr.

Breyting á þingsköpum telst samþykkt ef 2/3 mættra þingfulltrúa samþykkja hana á lögætum þingfundi.

16. gr.

Þingsköpum þessum var breytt á ársþingi SSNV þann 21. október 2016 og eru svo breytt frá þeim degi.



VIÐAUKI 2 – Menningarstefna sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

**Stefna
sveitarfélaga
á Norðurlandi vestra
um sameiginlegt starf að
menningarmálum**



Inngangur

Í þessu skjali er sett fram sameiginleg stefna, markmið og leiðir sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra til að vinna að menningarmálum í landshlutanum. Sameiginleg stefna í málaflokknum er forsenda fyrir samstarfi sveitarfélaganna á þessu sviði.

1. Heildarskipulag menningarmála á Norðurlandi vestra

Stefna:

Litið er á Norðurland vestra sem eina heild við skipulag og uppbyggingu menningarstarfs. Sveitarfélögin á Norðurlandi vestra stefna að öflugu menningarstarfi og leggja með því áherslu á að fjölbreytt menningarlíf sé mikilvægur þáttur í því að skapa góð atvinnu- og búsetuskilyrði í landshlutanum.

Markmið:

- ✓ Að veita nægilegu fjármagni til menningarmála á Norðurlandi vestra.
- ✓ Að efla samstöðu innan landshlutans.
- ✓ Að koma menningarstarfi á Norðurlandi vestra á framfæri við íbúa svæðisins, sem og aðra þá sem sækja landshlutann heim.

Leiðir:

Sveitarstjórnir á Norðurlandi vestra skilgreini menningarmál sem eitt af mikilvægum verkefnum sveitarfélaga og líti á málaflokkinn sem lið í að bæta atvinnu- og búsetuskilyrði á svæðinu.

Menningarstarf á Norðurlandi vestra verði kortlagt og kynnt innan svæðis og utan.

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) sjái um gerð og framkvæmd menningarhluta samnings um Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2015-2019.

Framkvæmd:

SSNV og sveitarfélögin á Norðurlandi vestra.

2. Samstarf og samvinna

Stefna:

Stefnt skal að því að efla samstarf menningarstofnana, áhugafólks, fyrirtækja, félagasamtaka og sveitarfélaga á sviði menningar og lista.

Markmið:

- Að efla samkennd íbúa og stuðla að jákvæðari ímyndarsköpun.
- Að treysta grundvöll og hvetja til samstarfs stofnana, áhugafólks og samtaka á sviði menningar á Norðurlandi vestra.
- Að hvetja til þátttöku fyrirtækja og einstaklinga í menningarverkefnum.

Leiðir:

Unnið verði að því að þróa samstarf í landshlutanum með skipulagningu, fundum og kynningu á menningarviðburðum og möguleikum.

Markvisst verði unnið að því að efla vitund íbúanna um fjölbreytt framboð menningarviðburða á öllu svæðinu og hvetja til aukinnar þátttöku.

Athygli almennings verði vakin á listnámi, námskeiðum og ráðstefnuhaldi um menningarmál.



Lögð verði áhersla á samvinnu safna og annarra menningarstofnana á Norðurlandi vestra. Unnið verði að því að hvetja til þátttöku styrktaraðila að menningarmálum á Norðurlandi vestra.

Framkvæmd:

Sóknaráætlun Norðurlands vestra (SSNV), menningarnefndir sveitarfélaga, forstöðumenn safna og annarra menningarstofnana.

3. Stefna í einstökum flokkum menningarmála

3.1. Saga, minjar, söfn

Stefna:

Menningarstofnunum verði gert kleift að varðveita og nýta menningararf svæðisins. Styrkja skal rannsóknir og úrvinnslu heimilda og kynningu á minjarfi. Söfn og setur verði hvött til samstarfs við rannsóknir og kynningu á menningararfi.

Markmið:

- *Að efla varðveislu menningararfs og gera hann aðgengilegri.*
- *Að efla innra starf safna.*
- *Að efla rannsóknir, útgáfu og kynningu.*
- *Að efla samstarf safna, setra og sýninga á svæðinu.*

Leiðir:

Setja á fót samstarfsnefnd með fulltrúum starfsmanna allra opinberra safna (í eigu sveitarfélaganna). Nefndin hafi það hlutverk að skoða möguleika til samstarfs milli safnanna, við höfuðsöfnin og þá aðila sem sinna menningarferðapjónustu.

Efla byggða- og skjalasöfnin til húsakannana, rannsóknna, fornleifa- og örnefnaskráninga og gera áætlun um verndarsvæði í byggð.

Efla varðveislu menningarminja á svæðinu og forgangsraða með tilliti til aðgengis..

Framkvæmd:

SSNV, forstöðumenn safna, menningarnefndir sveitarfélaga.

3.2. Hátíðir, verkefni, viðburðir

Stefna:

Stefnt skal að því að efla menningarhátíðir á Norðurlandi vestra og kynningu á þeim.

Stefnt skal að því að veita aðstoð við framkvæmd menningarviðburða og verkefna á sviði menningar og lista.

Markmið:

- ✓ *Að styðja við frumkvæði og framtak á sviði menningar sem hópar, stofnanir, fyrirtæki, samtök og einstaklingar standa fyrir.*
- ✓ *Að stuðla að fjölbreytni og gæðum menningarstarfs.*



- ✓ *Að tengja menningarstarf við atvinnulíf og fræðslustarf eftir því sem við á hverju sinni.*
- ✓ *Að allir íbúar Norðurlands vestra fái tækifæri til virkrar þátttöku í menningarlífi.*

Leiðir:

Hvatt verði til samvinnu við ferðaþjónustuaðila vegna gesta sem heimsækja svæðið í tengslum við menningarviðburði.

Þeir sem standa að menningarstarfi á svæðinu njóti aðstoðar við fjármögnun og framkvæmd viðburða og verkefna.

Stutt verði við bæjar-, menningar- og listahátíðir og kynningarstarf samræmt.

Hvetja skal til verkefna sem tengja saman ólíka hópa, hafa fræðslugildi og efla vitund um menningarlegt gildi og sögu svæðisins.

Framkvæmd:

SSNV, forsvarsmenn viðburða, ferðamálafélög, sveitarfélög.

3.3. Listir

Stefna:

Stutt verði við listir og listsköpun á Norðurlandi vestra.

Aðstaða til listsköpunar og sýninga verði bætt.

Markmið:

- ✓ *Að kynna listamenn sem starfa á svæðinu og verk þeirra.*
- ✓ *Að listamenn fái stuðning við að sinna list sinni og tækifæri til sýningahalds.*
- ✓ *Að almenningur á Norðurlandi vestra hafi aðgang að fjölbreyttum listviðburðum.*

Leiðir:

- *Hvatt verði til aukinnar þátttöku listamanna í bæjarhátíðum og öðrum viðburðum.*
- *Leitað verði til sveitarfélaga, fyrirtækja og stofnana um að vista sýningar.*
- *Valinn verði listamaður/viðburður/verkefni á svæðinu sem hlýtur viðurkenningu árlega. Gerðar verði reglur um hvernig staðið skuli að valinu hverju sinni.*

Framkvæmd:

SSNV, sveitarfélög, listamiðstöðvar og listasöfn.

4. Aðbúnaður fyrir menningarstarfsemi

Stefna:

Góð aðstaða verði til fjölbreyttrar menningarstarfsemi á Norðurlandi vestra.

Markmið:

- ✓ *Að fullnægjandi aðbúnaður til fjölbreytts menningarstarfs sé fyrir hendi.*
- ✓ *Að nýta betur þá möguleika og aðstöðu sem til staðar er.*

Leiðir:

Hugað verði sérstaklega að því hvort nýta megi félagsheimili og önnur hús í eigu sveitarfélaganna, einkaaðila og atvinnulífs sem vettvang fyrir listafólk, gestavinnustofur og sýningarhald.

Framkvæmd:

Sveitarfélög, einkaaðilar, atvinnulífið, félagasamtök.



VIÐAUKI 3 – Ályktanir 24. ársþings SSNV 2016

Ályktanir 24. ársþings SSNV 2016





24. ársþing SSNV, haldið í Skagafirði 21. október 2016, samþykkir eftirfarandi ályktanir sem allar miða að eflingu byggða og bættum búsetuskilyrðum á Norðurlandi vestra

Almennt um atvinnu- og byggðamál

Á síðustu árum og áratugum hafa orðið gríðarlegar breytingar á grunnatvinnuvegum þjóðarinnar. Sjávarútvegur og landbúnaður voru þeirra mikilvægastir og eru enn mikilvægir þættir í verðmætasköpun þjóðarinnar en nýjar greinar eru sífellt að verða þýðingarmeiri fyrir þjóðarbúið. Má þar nefna stóriðju, ferðaþjónustu og ekki síst hátækniíðnaðinn.

Það er grundvallarkrafa að íbúar og atvinnulíf á Norðurlandi vestra búi við svipuð starfsskilyrði og atvinnulífið á þéttbýlli og fjölmennari svæðum, a.m.k. hvað varðar aðgang að opinberum aðilum og þjónustu þeirra. Má þar nefna aðgang að háhraðaneti, að afhending raforku sé í sem bestu lagi, að flutningskostnaður sé jafnaður betur en nú er og að tekið verði tillit til kostnaðar við að leita til opinberra aðila sem ekki eru innan landshlutans, til dæmis í gegnum skattkerfið. Einnig er brýnt að ríkisvaldið leitist við að skilgreina hvaða þjónustu það vill veita í landshlutanum og endurgreiði einstaklingum og fyrirtækjum þann aukakostnað sem þau verða fyrir vegna tiltekinnar þjónustu sem ekki er til staðar í landshlutanum en stendur fólki og fyrirtækjum annarra landshluta til boða í sinni heimabyggð.

Landbúnaður og sjávarútvegur

Í grunninn eru sjávarútvegur og landbúnaður enn mikilvæg undirstaða búsetu á Norðurlandi vestra. Afar mikilvægt er því fyrir íbúa landshlutans að þessar greinar búi við stöðugleika frá hendi stjórnvalda þannig að þeir sem starfa innan þeirra geti gert sínar framtíðaráætlanir í sæmilegri vissu um að ríkisvaldið breyti ekki starfsskilyrðunum þeirra í grundvallaratriðum.

Þegar lög um kvótasetningu í sjávarútvegi voru sett á sínum tíma mátti öllum vera ljóst að stórfelld samþjöppun yrði í greininni með þeim afleiðingum að til yrðu stærri en færri fyrirtæki og að hagkvæmni greinarinnar yrði meiri en hún hafði nokkru sinni verið. En afleiðingarnar urðu einnig þær að atvinnutækifærin færðust til og er það sú staða sem blasir nú við víða um land. Hefur Norðurland vestra ekki farið varhluta af þeirri þróun. Kvótasetning í landbúnaði hafði einnig áhrif í þessa átt.

Stjórnvöld verða að axla ábyrgð á afleiðingum svo stórfelldra kerfisbreytinga með fullnægjandi hætti þannig að ekki fjari undan heilu byggðalögunum eins og raunin hefur orðið með kvótasetningu í sjávarútvegi.

Náttúruauðlindir

Norðurland vestra er ríkt af auðlindum. Gróðurfar, bæði í byggð og á afréttum, gerir það að verkum að sá landbúnaður sem stundaður er í landshlutanum gengur ekki á gæði landsins. Því er ekki svo varið allstaðar á landinu. Því ber að efla þær greinar sem frá náttúrulegu tilliti henta þessu svæði vel, s.s. sauðfjár- og nautgripabúskap, og tryggja að afkoma bænda verði með viðunandi hætti. Auðlindir sjávar hafa verið nýttar í landshlutanum frá örófi alda og ber stjórnvöldum skylda til að sjá til þess að svo geti verið áfram.

Orkuauðlindir eru nokkrar í landshlutanum og ber þar Blönduvirkjun hæst en víða í landshlutanum hefur lághitaorka verið virkjuð, aðallega til húshitunar. Efla ber rannsóknir á nýtingu lághitaorku til rafmagnsframleiðslu. Kannaðir hafa verið kostir þess að reisa vindmyllugarð við Blöndu og mætti vel skoða þá kosti víðar í landshlutanum. Ferðaþjónustan nýtur einnig góðs af auðlindum svæðisins, náttúrufari, sögu og menningu.

Mikilvægt er að stjórnvöld starfi með íbúum Norðurlands vestra þegar kemur að því að meta og nýta auðlindir landshlutans.



Auðlindagjöld

Mikið hefur verið fjallað um auðlindagjöld á undanförunum árum. Flestum finnst sjálfsagt og eðlilegt að þær greinar sem nýta auðlindir lands og sjávar greiði fyrir afnotin án þess þó að greinarnar beri af því meiri kostnað en ásættanlegur er.

Það er afar mikilvægt að auðlindagjöld séu nýtt til að efla búsetuskilyrði á landsbyggðinni.

Hvað varðar aukna gjaldtöku í ferðaþjónustu á það sama við, hana þarf að innheimta, hvaða nafn sem gjaldið fær eða hvaða aðferð menn vilja hafa við innheimtu þess, þá verður gjaldið að renna til uppbyggingar á landinu öllu.

Iðnaðaruppbygging

Sveitarfélögin í Austur-Húnavatnssýslu, ásamt Húnaþingi vestra og Sveitarfélaginu Skagafirði, hafa lýst vilja til samvinnu um iðnaðaruppbyggingu við Hafursstaði í Austur-Húnavatnssýslu. Í ljósi mikillar og stöðugrar fækkunar íbúa landshlutans er þýðingarmikið að sveitarfélögin fái stuðning hins opinbera til þess að kanna þá kosti sem uppi geta verið í stóriðjumálum og henta landshlutanum, m.a. með tilliti til náttúrugæða.

Því ber að þakka framlag til þessa máls á fjárlögum ársins 2016 en jafnframt að krefja stjórnvöld um áframhaldandi og aukinn beinan fjárstuðning við uppbyggingu iðnaðarkosta í landshlutanum, sbr. þingsályktunartillögu 10/143 sem samþykkt var 15. janúar 2014. Gerð er skýlaus krafa um að öll orkuöflun í landshlutanum verði nýtt til atvinnueflingar á svæðinu.

Ferðaþjónusta

Ferðaþjónusta hefur verið vaxandi atvinnugrein frá hrúni. Á Norðurlandi vestra eru starfandi öflug fyrirtæki í ferðaþjónustu og hefur verið töluverð uppbygging innan greinarinnar á síðustu misserum. Vöxtur greinarinnar hefur þó alls ekki náð þeim hæðum sem orðið hefur á þeim svæðum sem næst liggja flugvællinum í Keflavík.

Það er mikilvægt fyrir greinina í heild og samfélagið allt að ferðaþjónustan blómstri um land allt. Þar skiptir aðkoma stjórnvalda verulegu máli. Nánast allt millilandaflug fer um Keflavík, þó svo að minnsta kosti tveir aðrir flugvællir á landinu geti nú þegar tekið við hluta þeirrar umferðar. Einnig þykir rétt að benda á að á sínum tíma þóttu skilyrði við Sauðárkróksflugvöll vera besti kosturinn sem varamillilandaflugvöllur að mati sérfróðrar nefndar á vegum Alþingis. Stjórnvöld verða að hafa þann kjark til að bera sem þarf til að taka pólitískar ákvarðanir um t.d. uppbyggingu millilandaflugs á öðrum stöðum en í Keflavík.

Vegasamgöngur / Vegakerfið

Það er afar brýnt fyrir íbúa og atvinnulíf að ráðist verði í markvissa uppbyggingu vegakerfisins í landshlutanum. Nú er svo komið að ástand vega á svæðinu er farið að standa atvinnulífínu, t.d. ferðaþjónustu fyrir þrífum. Einnig heyrir að íbúar veigri sér við að senda börn með skólabilum vegna ástands vega á svæðinu. Um 13% vegakerfis landsins er á Norðurlandi vestra og verður að gera þá kröfu til stjórnvalda að þau tryggi fjármuni til viðhalds og eðlilegrar endurnýjunar samgöngumannvirkja.

Almenningssamgöngur

SSNV hefur um nokkurt skeið rekið almenningssamgöngur í samstarfi við önnur landshlutasamtök. Byggir sá rekstur á samningi milli landshlutasamtakanna og Vegagerðarinnar. Notendum þjónustunnar hefur fjölgað jafnt og þétt en nú í sumar hefur þeim þó fækkað frá fyrra ári.

Þegar landshlutasamtökin tóku við þessum rekstri var gert ráð fyrir að um nokkurskonar sérleyfi væri að ræða en það hefur ekki haldið og hafa nokkrir aðilar keyrt leiðina yfir háannatíma en



dregið sig út yfir vetrartímann. Er þetta andstætt hugmyndinni um sérleyfi þar sem skilyrði er m.a. að um heilsársstarfsemi sé að ræða.

Gera verður þá kröfu til stjórnvalda að þau tryggi almenningssamgöngur í sessi með traustari lagaumgjörð og/eða tryggari fjármögnun.

Netsamgöngur

Áætlun ríkisvaldsins, sem nefnd hefur verið Ísland ljóstengd, hefur skilað árangri í bættum netsamgöngum á Norðurlandi vestra. Því miður hafa netsamgöngur ekki verið skilgreindar sem grunnþjónusta og þess vegna er það undir sveitarstjórnnum komið á hverjum stað að koma netsambandi til íbúa þar sem fjarskiptafyrirtækin sjá sér ekki hag í að leggja ljósleiðara.

Gera verður þá kröfu til stjórnvalda að þau skilgreini netsamgöngur sem grunnþjónustu og að íbúar landsins, hvar sem þeir búa, sitji við sama borð hvað þennan þátt varðar. Aðgangur að hröðu og góðu netsambandi verður sífellt mikilvægari fyrir íbúa og er fullvíst að skortur á því hefur hamlandi áhrif á byggðapróun.

Nýjar atvinnugreinar

Nokkrir sprotar í vísinda- og hátekniiðnaði eru á Norðurlandi vestra. Nú er það staðreynd að slíkir sprotar þrífast best í nábýli við háskóla og rannsóknarstofnanir. Því er afar mikilvægt að einhverjir hvatar séu til staðar til þess að þannig fyrirtæki geti sett sig niður annar staðar en við hlið ofangreindra stofnana.

Vísinda- og háteknifyrirtæki á landsbyggðinni þurfa alveg eins mikið á samstarfi við fyrrgreinda aðila að halda eins og önnur slík fyrirtæki. Því er mikilvægt að þau njóti ívilnana kjósi þau að setja sig niður á Norðurlandi vestra.

Sóknaráætlun landshluta

Sóknaráætlun hefur sýnt sig í að geta orðið ágætis tæki til eflingar landshluta, það er að segja að því marki sem hægt er að nota hana m.v. þá fjármuni sem til verkefnisins renna og þá þætti sem sóknaráætlun nær yfir. Til þess að sóknaráætlun hafi þó verulega þýðingu þurfa að koma í verkefnið meiri fjármunir en einnig er mikilvægt að sóknaráætlanir taki til fleiri þátta en nú er. Brýnt er að hnýta betur saman þær stofnanir, sem vinna að byggða-, atvinnu- og nýsköpunarmálum og að þær hafi það fjárhagslega og þekkingarlega afl sem þarf til að takast á við það mikilvæga verkefni að aðstoða íbúa við að halda landinu í byggð.

Íbúapróun

Íbúum landshlutans hefur fækkað nánast stöðugt frá 1900. Á árunum frá 1950 til 1990 var þó ákveðinn viðsnúningur á þessari þróun. Ástæður þessa viðsnúnings á sjötta áratugnum má rekja til aðgerða stjórnvalda tengdum landbúnaði og sjávarútvegi. Því miður hefur sótt í sama farið enda virðist vilja til verksins hafa skort af hálfu stjórnvalda.

Á síðustu 20 árum hefur íbúum landshlutans fækkað um tæplega 1.200 manns og í aldursflokknum 0-50 ára hefur fækkað umtalsvert meira eða um tæplega 1.650 manns. Það þarf því ekki einu sinni ríkt ímyndunar afl eða spádómsgáfu til að átta sig á hvert stefnir á næstu áratugum ef ekkert verður að gert.

Þjónusta hins opinbera

Íbúar Norðurlands vestra gera sér grein fyrir því að ekki er mögulegt að ríkið veiti öllum íbúum landsins sömu þjónustu í þeirra heimabyggð. Afar mikilvægt er að ríkisvaldið skilgreini heildstætt hvaða þjónustu skuli standa íbúum til boða í þeirra heimabyggð og hvaða þjónustu íbúar skuli sækja annað. Vel er skiljanlegt að ekki sé mögulegt að veita t.d. fullkomnu heilbrigðisþjónustu nema á Landspítalanum en það er dapurlegt til þess að hugsa að engin



fæðingarþjónusta er lengur í landshlutanum og er það með öllu óásættanlegt. Það er ekki auðvelt að sannfæra ungt fólk um að setjast að í landshlutanum þegar þessarar þjónustu nýtur ekki við. Gera verður þá kröfu að grunnþjónusta, s.s. heilsugæsla og löggæsla, sé sem næst íbúunum. Á undanförunum árum hefur verið þrengt að þessum þáttum, eins og flestum öðrum í landshlutanum. Íbúar landshlutans ætlast til þess af stjórnvöldum að búið sé þannig að þessum mikilvægu þáttum að íbúar finni fyrir öryggi og upplifi sig í öruggu umhverfi, bæði hvað varðar heilbrigðisþjónustu og ekki síður löggæslu. Krafa hlýtur því að vera sú að lögreglan hafi úr meiri fjármunum að spila þannig að fleiri lögreglumenn verði ráðnir til starfa til að sinna öryggi íbúa.

Það sama á við um heilsugæsluna. Það er afar mikilvægt að hún sé sem best mönnuð, m.a. með föstum starfsmönnum, þannig að eftirfylgni við þá sem til heilsugæslunnar leita verði markvissari.

Gera verður þá kröfu að sú þjónusta sem auðvelt er að veita, t.d. í gegnum internetið, standi öllum landsmönnum til boða. Má þar t.d. nefna þjónustu Háskóla Íslands og margra annarra stofnana sem allir landsmenn halda uppi með sköttum sínum.

Krefja verður stjórnvöld um að þau tryggi búsetujafnrétti, þ.e. að þeir sem þurfa að sækja þjónustu fjarri sinni heimabyggð, t.d. heilbrigðisþjónustu, fái það bætt með einhverju móti. Einnig verður að krefjast þess af stjórnvöldum að stofnanir þeirra, s.s. Íslandspóstur, starfi í samræmi við lög sem um þær gilda.

Málefni sveitarfélaga

Sveitarfélögin hafa á liðnum árum og áratugum tekið við verkefnum, sem áður tilheyrðu ríkinu. Almennt er ánægja með það að stjórnun þjónustunnar sé færð nær notendunum en reglan hefur einnig verið sú að ekki hafa fylgt nægjanlegir fjármunir með verkefnunum frá hendi ríkisins. Nærtækt dæmi er yfirfærsla málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga. Gera verður þá kröfu til ríkisins að nægjanlegir fjármunir fylgi verkefnum og að fjármögnun fylgi síðari tíma breytingum. Það gengur ekki upp að ríkið misnoti vald sitt til breytinga á umhverfi viðkomandi málaflokka án þess að því fylgi fjármunir og að um það sé samið við sveitarfélögin.

Afar mikilvægt er að sveitarfélögin hafi fjárhagslegan styrk til að takast á við verkefni sín, sem eru í stöðugri þróun. Má í því sambandi nefna auknar kröfur og álag á sveitarfélögin í tengslum við fjölgun ferðamanna til landsins. Af þeim sökum þarf stöðugt samtal og samvinnu um skiptingu fjármuna milli ríkis og sveitarfélaga og þau verkefni sem sveitarfélögunum er ætlað að sinna.

Lokaorð

Nú árar vel í þjóðarbúskapnum að því er virðist. Það er góður gangur í flestum greinum atvinnulífsins, sjávarútvegurinn blómstrar, stóriðjan gengur vel og hefur skilað þjóðinni miklum ávinningi, ferðaþjónustan er nánast á ólöglegum hraða í vexti, hugbúnaðar- og hátæknifyrirtæki eru daglega á síðum dagblaðanna að gera samninga og stækka og eflast.

Er þá ekki allt í sóma? Nei, því miður er það ekki svo því að það virðist vera að hagvaxtarvélin hafi ekki komist yfir Holtavörðuheidiðina, hvorki í þessari hagsveiflu eða í mörgum hinum fyrri.

Nú þurfa stjórnámálmenn að sýna fram á að þeir hafi vilja til þess að aðstoða íbúa Norðurlands vestra við að efla landshlutann og fjölga atvinnutækifærum, auk þess að gera það á annan hátt ákjósanlegt fyrir ungt og vel menntað fólk að lifa og starfa á Norðurlandi vestra.

Reynsla fyrri ára sýnir að vilji er allt sem þarf, þ.e. vilji stjórnvalda, heimamenn eru tilbúnir.



VIÐAUKI 4 – Fjárhagsáætlun SSNV 2017

Fjárhagsáætlun
Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra
2017



Forsendur fjárhagsáætlunarinnar eru:

- Rauntölur tekna og gjalda fyrstu 6 mánuði ársins 2016 ásamt reynslu fyrri ára liggur til grundvallar áætlanagerðinni.
- Í riti Seðlabanka Íslands, Peningamálum maí 2016, kemur fram að undirliggjandi verðbólga hafi verið um 1,9% hafi heldur lækkað. Gert er ráð fyrir í fjárhagsáætluninni að verðhækkningar aðkeyprar vöru og þjónustu verði um 2%. Það er undir spá markaðsaðila á verðbólgu sem er um 3,4% en inni því eru m.a. hækkun á húsnæði og fleira sem ekki á við um þær verðhækkningar á vörum og þjónustu sem SSNV notar.
- Í rauntölum fyrstu 6 mánaða ársins 2016 eru ekki allar launahækkningar ársins komnar fram. Gert er ráð fyrir að hækkun launakostnaðar sem ekki er kominn fram í rauntölum fyrir frystu 6 mánuði ársins 2016 og hækkningar sem koma til framkvæmda á næsta ári muni hækka launakostnað um 10%. Framlag launagreiðenda í lífeyrissjóði starfsmanna mun hækka á árinu 2016 um 0,5% og um 1,5% á árinu 2017. Af sömu ástæðum má gera ráð fyrir að stjórnarlausn sem eru hlutfall af þingfararkaupi muni hækka nokkuð eða um 12%. Er þá átt við laun stjórnar SSNV, úthlutunarnefndar og fagraða.
- Gert er ráð fyrir að framlag ríkisins til Sóknaráætlunar Norðurlands vestra hækki um 5%. Í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að framlög til sóknaráætlana og byggðamála hækki um 450 millj. kr. Af heildarframlagi ríkisins til sóknaráætlana hafa 11,17% runnið til SSNV. M.v. þá skiptingu ættu skv. fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar um 50 millj. að koma í hlut SSNV. Stjórn telur mjög óvarlegt að gera ráð fyrir þeim tekjum fyrir en þær eru í húsi. Þess í stað er gert ráð fyrir að framlag ríkisins hækki úr rúmum 70 millj. í 73,5 en því til viðbótar er gert ráð fyrir að framlag ríkisins til Nýsköpunarsjóðs Norðurlands vestra verði 10 millj. kr. Undirritaður hefur verið samningur við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið þess efnis.
- Gert er ráð fyrir að kostnaður við almenningsamgöngur hækki um 5% frá rauntölum fyrstu 6 mánuði ársins 2016.
- Áfram verði unnið að aðhaldsaðgerðum í rekstri samtakanna.



Heiti	SSNV	SSNV	Atvinnurþóun	Sóknaráætlun	SSNV allar deildir
REKSTUR	Áætlun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2017	Áætlun 2017	Áætlun 2017
TEKJUR					
Árgjöld sveitarfélaga samtals	23.700.000	3.749.328	19.999.998		23.749.326
Jöfnunarsjóður	26.000.000	23.825.227	4.129.841		27.955.068
Byggðastofnun v/atvinnuþróun	19.200.000		23.244.927		23.244.927
Ríkissj. v/sóknaráætlun	65.918.902			83.994.579	83.994.579
Framl. sveitarfél. v/sóknaráæt	7.419.000			7.419.000	7.419.000
ÞJÓNUSTUTEKJUR SAMTALS	142.237.902	27.574.555	47.374.766	91.413.579	166.362.900
Aðrar tekjur	1.700.000	1.000.000			1.000.000
Framlag v/almenningsamgöngur	24.500.000	26.357.400			26.357.400
Aðrar tekjur samtals	26.200.000	27.357.400	0	0	27.357.400
TEKJUR SAMTALS	168.437.902	54.931.955	47.374.766	91.413.579	193.720.300
GJÖLD					
LAUN OG LAUNATENGD GJÖLD					
Laun	41.250.000	14.209.716	24.267.872	10.555.488	49.033.077
Laun stjórnanna	3.900.000	5.382.966		1.969.763	7.352.729
Dagpeningar	1.750.000	1.427.906	508.521		1.936.427
Akstur	1.000.000	1.556.887		282.520	1.839.407
Tryggingagjald	3.724.875	1.342.099	1.662.349	857.980	3.862.428
Mótframlag í lífeyrissjóð	4.515.000	2.155.195	2.669.466	1.377.778	6.202.439
Mótframlag stéttarfélagsgjalda annað v/ starfsfólks	1.128.750 200.000	115.647	741.734	157.249	1.014.631
LAUN OG LAUNAT. GJÖLD SAMTALS	57.468.625	26.190.417	29.849.943	15.200.777	71.241.138



Heiti	SSNV	SSNV	Atvinnurþóun	Sóknaráætlun	SSNV allar deildir
REKSTUR	Áætlun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2017	Áætlun 2017	Áætlun 2017
STJÓRNUNAKOSTNAÐUR					
Sími og fax	1.500.000	760.084	684.441	164.620	1.609.145
Póstburðargjöld	125.000	50.009	1.897	75.929	127.835
Ritföng og prentun	200.000	109.652	52.628	10.420	172.700
Rent a prent	180.000	115.256	53.217	21.451	189.924
Bækur, blöð og timarit	50.000	44.625	10.098		54.723
Rekstur og viðhald tölvukerfis			24.439		24.439
Rekstur og viðhald tölvukerfis	1.000.000	109.619	123.950	56.559	290.129
Internetþjónusta	1.400.000	1.417.886	25.265		1.443.151
Heimasiða SSNV		165.762			165.762
Heimasiða SSNV m/VSK	200.000	315.588			315.588
Gjaldfærður tölvubúnaður		212.976	280.957	355.613	849.546
Gjaldfærður búnaður og áhöld	200.000	462.713			462.713
Flutningskostnaður	30.000				
Vátryggingar v/atvinnurekstri	200.000	361.861			361.861
Endurskoðun	500.000	1.500.000			1.500.000
Ferðakostnaður	500.000	135.619	600.000	58.960	794.579
Bílaleigukostnaður		66.596	14.156	79.895	160.646
Ferðakostnaður v/ferðamála			365.992		365.992
Fundarkostnaður	650.000	158.188	165.481	651.623	975.292
Kostnaður v/ársþings	800.000	350.000			350.000
Ráðstefnur og námskeið	300.000	96.288	77.520		173.808
Ráðst./Námsk. v/ferðamála			54.970		54.970
Menningarviðburðir			7.140	8.160	15.300
Auglýsingar	750.000	402.814	117.486	420.000	940.299



Heiti	SSNV	SSNV	Atvinnurpóun	Sóknaráætlun	SSNV allar deildir
REKSTUR	Áætlun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2017	Áætlun 2017	Áætlun 2017
Aðkeypt sérfræðiþjónusta m/VSK				153.000	153.000
Seðil- og þjónustugjöld		27.654			27.654
Félags- og aðildagjöld		18.360			18.360
Ýmislegt	804.277	7.018			7.018
Lífeyrisframl. fyrirver.starfsm		127.012			127.012
Veittir styrkir sóknaráætlun 2	30.000.000			32.000.000	32.000.000
Veittir styrkir sóknaráætlun 2	30.000.000			42.000.000	42.000.000
Kostnaður					
v/sókn.landshluta/áhersluverkefni	10.000.000			10.000.000	10.000.000
Markaðsstofa Norðurlands	3.700.000	3.636.300			3.636.300
Almenningssamgönguverkefni NLV	24.500.000	21.395.800			21.395.800
Markaðs- og kynningarátak	25.000.000	22.533.802			22.533.802
kostn.v/sóknaráætlun					
Stjórnunakostnaður samtals	133.389.277	54.842.801	2.812.638	85.903.230	143.558.668
					0
Rekstur húsnæðis					
Húsaleiga	1.650.000	921.014	615.117	134.898	1.671.029
Rafmagn			36.764	13.127	49.891
Húshitun			7.219	2.050	9.269
Rekstrarkostnaður sameignar	600.000	51.384	30.823		82.207
Ræsting			102.215	40.608	142.823
Ræsting m/vsk		209.579	44.519		254.097
Húsnæðiskostnaður samtals	2.250.000	1.181.977	836.657	190.683	2.209.317
					0



Heiti	SSNV	SSNV	Atvinnurþóun	Sóknaráætlun	SSNV allar deildir
REKSTUR	Áætlun 2016	Áætlun 2017	Áætlun 2017	Áætlun 2017	Áætlun 2017
Rekstrarleiga bifreiða		1.380.000	1.100.000	780.000	3.260.000
Annar kostnaður		63.852			63.852
Bifreiðakostnaður samtals	3.300.000	1.710.574	1.410.610	1.028.632	4.149.816
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖ VAXTATEKJUR					
Vaxtatekjur af bankareikning.	3.900.000				
Fjármagnstekjuskattur	780.000				
FJÁRMUNATEKJUR SAMTALS	3.120.000				
Dráttarvextir	150.000				
Þjónustugjöld banka					
VAXTAKOSTNAÐUR SAMTALS	150.000				
FJÁRMAGNSLIÐIR SAMTALS	2.970.000	1.000.000	800.000	1.200.000	3.000.000
TEKJUR SAMTALS	168.437.902	54.931.955	47.374.766	91.413.579	193.720.300
GJÖLD SAMTALS	193.437.902	82.925.768	34.109.848	101.123.322	218.158.938
REKSTRARAFKOMA SAMTALS					
REKSTUR	(25.000.000)	(27.993.813)	13.264.918	(9.709.743)	(24.438.638)
Millifærslur		6.000.000	-6.000.000		
Afkoma ársins		(21.993.813)	7.264.918	(9.709.743)	(24.438.638)